

Tillaga til þingsályktunar

um tryggan lágmarkslífeyri.

Flm.: Guðjón A. Kristjánsson, Magnús Þór Hafsteinsson,
Sigurjón Þórðarson.

Alþingi ályktar að bæta skuli þjóðfélagsstöðu lífeyrisþega sem fá minni lífeyri greiddan úr lífeyrissjóði sínum en 50 þús. kr. á mánuði með því að breyta bótareglum almannatrygginga þannig að lífeyrisgreiðslur undir 50 þús. kr. á mánuði skerði ekki grunnlífeyri, tekju-tryggingu, heimilisuppbót eða aðrar samsettar lágmarksbætur lífeyrisþega.

Greinargerð.

Tillagan gerir ráð fyrir að fyrir hverjar 10 þús. kr. sem greiddur lífeyrir úr lífeyrissjóði er umfram 50 þús. kr. verði skerðing $\frac{1}{5}$ þess sem nú er, eða 9%. Fyrir hverjar 10 þús. kr. sem lífeyrir er umfram 60 þús. kr. verði skerðing $\frac{2}{5}$ þess sem nú er, eða 8%. Fyrir hverjar 10 þús. kr. umfram 70 þús. kr. verði skerðing $\frac{3}{5}$ þess sem nú er, eða 27%. Fyrir hverjar 10 þús. kr. umfram 80 þús. kr. $\frac{4}{5}$ þess sem nú er, eða 36%.

Vitað er að lífeyrisgreiðslur til fjölda lífeyrisþega eru enn of lágar til þess að geta verið meginstoð í afkomutryggingu allra lífeyrisþega. Sú aðferð sem hér er lögð til leiðir til þess að greiðsla úr lífeyrissjóði undir 50 þús. kr. á mánuði skerðir engar bætur sem lífeyrisþeginn fær úr almannatryggingum. Útfærslan virkar einnig þannig að eftir því sem fleiri landsmenn fá hærri lífeyri en 50 þús. kr. á mánuði, en þeim fjölgar vonandi hratt á næstu árum, þá fækkar þeim sem njóta þessarar reglu sem leiðir smám saman til þess að kostnaður ríkissjóðs minnkar. Rétt er að vekja athygli á því að eins og reglan er útfærð minnkar hún svokölluð jaðarskattaáhrif. Verði tillagan samþykkt og framkvæmd eftir efni sínu verður hagur lífeyrisþega með lágan lífeyri mun tryggari en nú er.

Alþýðusamband Íslands kynnti vorið 2003 tillögur sínar í velferðarmálum þar sem sambandið tók undir það sjónarmið sem kemur fram í þessari þingsályktunartillögu. Í tillögum Alþýðusambandsins segir: „Til að jafna þennan mun þarf að beita tekjutengdum lífeyri frá almannatryggingum með frítekjumörkum vegna lífeyris frá lífeyrissjóðum. Tekjutengingin þarf að breytast í samræmi við auknar greiðslur frá lífeyrissjóðunum til eftirlaunaþega.“ (Velferð fyrir alla – áfangaskýrsla mars 2003, bls. 37.)

Tillaga þessi var áður flutt á 128., 130. og 131. löggjafarþingi. Hún er endurflutt til þess að fá fram hver vilji meiri hluta Alþingis er gagnvart þeim lífeyrisþegum sem búa við lökust lífeyrisréttindi í lífeyrissjóðum. Hér er í flestum tilfellum um að ræða fólk sem á starfsævi sinni hafði frekar lág laun eða naut ekki greiðslu af launum sínum í lífeyrissjóð að hluta eða öllu leyti fyrr en of seint miðað við aldur til þess að öðlast lífeyri sem dugur til framfærslu á efri árum.

Dæmi um greiðslur frá Tryggingastofnun.

Lifeyrissjóður	Ellilífeyrir	Tekjutrygging	Tekjutryggingarauki	Heimilisuppbót	Samtals 0,45
0	21.993	43.113	21.259	18.080	104.445
10.000	21.993	43.113	16.759	18.080	99.945
20.000	21.993	43.113	12.259	18.080	95.445
30.000	21.993	43.113	7.759	18.080	90.945
40.000	21.993	43.113	3.259	18.080	86.445
50.000	21.993	42.295	0	17.738	82.026
60.000	21.993	37.795	0	15.851	75.639
70.000	21.993	33.295	0	13.964	69.252
80.000	21.993	28.795	0	12.077	62.865
90.000	21.993	24.295	0	10.190	56.478
100.000	21.993	19.795	0	8.303	50.091
110.000	21.993	15.295	0	6.416	43.704
120.000	21.993	10.795	0	4.529	37.317
130.000	21.993	6.295	0	2.642	30.930
140.000	21.993	1.795	0	755	24.543
144.000	21.993	0	0	0	21.933